

Nr. 5.
26.
febr.

Lög

um

horfelli á skepnum.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Skýlt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hafa eptirlit með og hvetja hreppsbúa sína til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því, að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. grein.

Hreppstjóri skal ásamt einum eða tveimur mönnum, er hreppsnefnd kýs árlega, skoða tvisvar á vetri búpening og fóðurbirðir hreppsbúa, og grennslast eptir meðferð fjárens. Fyrri skoðunin skal fram fara fyrir nóvemberlok, en seinni skoðunin skal fram fara á tímabilinu frá 15. marz til sumarmála.

3. grein.

Nú telja skoðunarmenn skepnur fóðurlausar eða illa hirtar, og áminna þeir eigendur og umráðamenn þeirra um að útvega þeim fóður, ef þess er kostur, eða lóga þeim.

4. grein.

Hafi hreppstjóri á tímabilinu milli skoðananna ástæðu til að halda, að fjenaði einhvers hreppsbúa sje horfellir búinn vegna fóðurskorts, hirðuleysis eður harðýðgi, skulu skoðunarmenn framkvæma aukaskoðun hjá þessum búanda svo fljótt sem því verður við komið.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

L o v

Nr. 5.
26de
Febr.

om

Kreaturers Død af Magerhed.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre bitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Kepsthyrerne og Kepsforsstanderskaberne ere pligtige at føre Tilsyn med, at Kepssbeboerne have tilstrækkelige Huse og Foder til de Kreaturer, som de holde om Vinteren, og at opfordre dem dertil. Samtidig skulle de foreholde dem det Ansvar, de kunne paadrage sig ved at lade deres Kreaturer udmagres eller dø af Fodermangel.

§ 2.

Kepsthyrerens skal tilligemed en eller to af Kepsforsstanderskabet aarlig valgte Mænd to Gange om Vinteren synne Kepssbeboernes Kreaturer og Foderforraad og søge Oplysning om Behandlingen af Faarene. Det første Eftersyn skal finde Sted før Udgangen af November og det sidste i Tidsrummet mellem den 15de Marts og Sommerens Begyndelse.

§ 3.

Naar Synsmændene finde, at Kreaturerne ere uden Foder eller slet passede, bør de paaminde deres Ejere og Ihændehavere om at skaffe Foder til dem, hvis det er muligt, eller slagte dem.

§ 4.

Saaframt Kepsthyrerens i Tidsrummet mellem Eftersynene har Grund til at antage, at en Kepssbeboers Kreaturer staa Fare for at omkomme af Fodermangel, Mangel paa Pasning eller haard Medfart, skulle Synsmændene saa hurtig som muligt foretage et Ekstra-Eftersyn hos vedkommende Bonde.

Nr. 5.
26.
febr.

5. grein.

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að álitum skoðunarmanna um að kenna fódurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fjenaðinn hefur undir hendi, eða það sannast á annan hátt, og skal þá hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni ásamt öllum málavöxtum, en hann tekur málið fyrir, og skal sá maður sæta sektum frá 10 til 200 kr. eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum.

6. grein.

Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslur um hinar árlegu skoðanir, sem nefndar eru í 2. gr., þegar þær hafa fram farið, og skulu þær lagðar fyrir sýslunefndina til athugunar og eptirlits. Skýrslur þessar skulu samdar eptir fyrirmynd, er amtsráðið semur.

7. grein.

Fyrir skoðunargjörðir þær, sem um er rætt í 3.—4. gr., fá skoðunarmenn 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

8. grein.

Vanræki skoðunarmenn þær skyldur, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, varðar það allt að 50 króna sektum.

9. grein.

Sektir eptir lögum þessum renna í sveitarsjóð hlutaðeigandi hrepps, þar sem brotið er framið. Sýslumaður skal á manntalsþingi nákvæmlega grennslast eptir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt eða brot framið gegn þeim.

10. grein.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

11. grein.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 12. jan. 1884 um horfelli á skepnum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. febrúar 1898.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Rump.

§ 5.

Naar Kreaturer udmagres eller omkomme af Magerhed, og det efter Synsmændenes Skøn maa tilskrives Fødermangel, Mangel paa Pasning eller haard Medfart fra dens Side, som har Kreaturerne i sin Varetægt, eller dette bevises paa anden Maade, bør Repstyreren ufortøvet gøre Indberetning herom samt om alle Sagens Omstændigheder til vedkommende Sysselmand. Denne foretager derefter Sagen, og vil vedkommende være at anse med Bøder fra 10 til 200 Kr. eller simpelt Fængsel indtil 6 Maaneder.

Nr. 5.
26de
Febr.

§ 6.

Naar de i § 2 ommeldte aarlige Eftersyn have fundet Sted, indsender Repstyreren hver Gang en Beretning herom til Sysselmanden. Disse Beretninger forelægges Syssel- forstanderskabet til Gennemsyn og Undersøgelse. De skulle affattes efter et af Amtsraadet affattet Skema.

§ 7.

For de i §§ 3—4 ommeldte Eftersyn erholde Synsmændene 2 Kr. for hver Dag, som de anvende til Eftersynet, hvilken Godtgørelse afholdes af Repskassen.

§ 8.

Hvis Synsmændene forsomme de dem ifølge denne Lov paahvilende Pligter, anses de med Bøder indtil 50 Kr.

§ 9.

Bøder i Henhold til nærværende Lov tilflyde Kommunekassen for den Rep, hvor Overtrædelsen er begaaet. Sysselmanden skal paa Mandtalsstingene nøje eftergranske, om denne Lov er blevet efterkommet, eller den er blevet overtraadt.

§ 10.

Sager, som anlægges for Overtrædelser af denne Lov, behandles som offentlige Politisager.

§ 11.

Med nærværende Lov ophæves Lov 12te Januar 1884 angaaende Kreaturers Død af Magerhed.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 26de Februar 1898.

Ministeriet for Island, den 26de Februar 1898.

Rump.

Ólafur Halldórsson.